

Nd.

## 55. Nefndarálit

[43. mál]

um frv. til l. um leyfi til slátrunar.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt mál þetta á tveim fundum og eigi orðið sammála um afgreiðslu þess.

Á fundi nefndarinnar komu til viðræðna settur yfirdýralæknir, formaður Sláturfélags Arnfirðinga og fulltrúar frá framleiðsluráði landbúnaðarins, Dýralæknafélagi Íslands, Hollustuvernd ríkisins og Neytendasamtökunum. Þessir aðilar gáfu gagnlegar upplýsingar um það mál sem frumvarpið fjallar um, en ekki síður almennar upplýsingar sem snerta matvælaframleiðslu í landinu. Sumir þeirra lögðust gegn frumvarpinu.

Minni hl. tekur undir það megin sjónarmið, sem fram kom hjá ýmsum þeirra sem nefndin ræddi við á fundum sínum, að varast beri að slaka á heilbrigðiskröfum sem gerðar eru við matvælaframleiðslu, hvort sem um er að ræða slátrun sauðfjár og annarra dýra eða aðra þætti í framleiðslu og meðferð matvæla. Á hinn bóginn leggur minni hl. áherslu á að leitast sé við að gæta sem mest samræmis í þessum efnum og að ákvörðun um lokun vinnslustöðvar, eins og sláturhúss, sé kynnt aðilum með eðlilegum fyrirvara.

Frumvarp þetta fjallar um heimild til Sláturfélags Arnfirðinga, Bíldudal, til slátrunar í húsi sínu á þessu ári. Lengra nær sú heimild ekki. Aðdragandi málsins er sá í stórum dráttum að sl. haust var slátrað í þessu húsi, þar á meðal fyrir nágrannabyggðarlög, á sjöunda þúsund fjár án þess að fundið væri að verkun kjötsins. Á þessu ári var sláturhúsið skoðað margsinnis af dýralæknum og gerðar athugasemdir við það sem ábótavant þótti. Hollustuvernd ríkisins taldi vatn í húsinu ónothæft. Sláturfélag Arnfirðinga lagði í verulegan kostnað við að bæta úr ýmsu af því sem aðfinnsluvert þótti í húsinu, þar á meðal að klórblanda vatnið.

Landbúnaðarráðherra sagði í umræðum á Alþingi um þetta mál:

„Það þýðir ekkert fyrir Bílddælinga að gefið sé út leyfi nema einhver vilji skoða kjötið. Og það ætlum við að gera. Ef einhver fengist til að skoða kjötið þá mundi leyfið verða gefið út.“

Að vonum stóð Sláturfélag Arnfirðinga og bændur við Arnarfjörð í þeirri trú að leyfi til slátrunar mundi fást. Þeir voru teymdir til að leggja í kostnað við lagfæringar á sláturhúsinu og til að geyma sláturfé sitt allt til veturnótt. Og enn hefur leyfi til slátrunar ekki verið veitt. Ef það var ekki ætlun landbúnaðarráðherra og hlutaðeigandi embættismanna að veita sláturleyfi á Bíldudal á þessu hausti átti það að liggja skilmerkilega fyrir í sumar áður en lagt var í kostnað og framkvæmdir af hálfu heimamanna við að endurbæta sláturhúsið, þannig að bændur vissu hvar þeir stæðu.

Rétt er að upplýsa að í viðræðum við nefndina sagði fulltrúi Dýralæknafélags Íslands að félagið gæti sent dýralækni til Bíldudals til kjötskoðunar, en einnig til sláturhússins á Patreksfirði þegar ráðningartíma kjötskoðunarmanns þar lýkur. Þá upplýsti annar af fulltrúum Neytendasamtakanna í viðræðum við nefndina að margar vatnsveitur, jafnvel 40–50% af vatnsveitum landsins, væru með svipað vatn og vatnsveitan á Bíldudal.

Minni hl. nefndarinnar telur að meðferð framkvæmdarvaldsins á þessu máli sé ekki viðunandi. Undirritaðir nefndarmenn leggja til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 23. okt. 1987.

Pálmi Jónsson,  
frsm.

Eggert Haukdal.

Ingi Björn Albertsson.